

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 6. október 2025 kl. 20:00.

Hugrekki, sjálfstraust, hrós og kærleikur voru í öndvegi á októberfundi félagsins. Hátt í fimmtíu konur mættu til fundarins.

Var dásamlegt að finna þá jákvæðu og hlýju stemningu sem ríkti í salnum. Fundarkonur mættu margar í bleiku, í tilefni af Bleikum október.

Formaður rifjaði upp haustferðina góðu, dagsferð sem farin var upp á Akranes 13. september sl. Þrjátíu konur tóku þátt og var almenn ánægja með ferðina. Farið var í vitann og þar var sungið. Síðan var farið í Verslunina Bjarg þar sem tekið var á móti hópnum af miklum rausnarskap, boðið upp á tilboðsverð á öllum vörum í versluninni og einnig boðið upp á frábærar veitingar fyrir hópinn. Hópurinn rölti svo í fleiri búðir og gerð voru góð kaup víða um bæinn. Farið var í Byggðasafnið að Görðum og rölt þar um alla sali og flest hús. Svo skemmtilega vildi til að verið var að selja nýuppteknar kartöflur við safnið og þar gerðu margar félagskonur góð kaup.

Að lokum var snætt í golfskála Golfklúbbsins Leynis þar sem hópurinn átti náðuga stund yfir góðum mat áður en lagt var af stað í bæinn aftur. Yfirskrift ferðarinnar var Skvísuferð á Skagann og þetta reyndist mikil skvísuferð – ef tekið skal mið af öllu skvísugóssinu sem hópurinn bar með sér til baka í borgðina!

Elísabet Heiða Harðardóttir flutti fyrirlesturinn Sterkari konur - sterkari framtíð. Fyrirlesturinn féll heldur betur vel í kramið hjá fundarkonum enda innihald hans virkilega hvetjandi. Elísabet Heiða, ræddi meðal annars hugrekki, sjálfstraust og fyrirmyndir. Félagið kann henni bestu þakkir fyrir.

Halla Kjartansdóttir kynnti og sýndi stórskemmtilega handavinnuhugmynd. Um var að ræða trefil sem Halla fékk að gjöf frá æskuvinkonu sinni og endurspeglar hitastigið kl. 12 á hádegi á Kambanesi við Stöðvarfjörð allan desembermánuð árið 1967, sem er fæðingarmánuður Höllu. Var svo heklað utan með treflinum með litakóða meðalhitastigs umrædds desembermánaðar. Vakti trefillinn mikla athygli enda hugmyndin og útfærslan á verkefninu algjör snilld.

Kaffihlaðborðið var sérlega glæsilegt og var bleiki liturinn þar ráðandi. Kaffinefndin fékk lof í lófa.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 1. nóvember og þá verður hið árlega happdrætti félagsins. Fundarkonur voru hvattar til að mæta og eftir atvikum að útvega vinninga.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.